

Ed.

192. Lög

um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar, og sendiveitarritari, er ráðherra skipar. Aðra starfsmenn, sem nauðsynlegir eru að dómi ráðherra, ræður sendiherra.

2. gr.

Laun sendiherra, húsaleiga, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

Stjórnin gefur út erindisbrjef handa sendiherranum og ákveður starfs svið hans.

4. gr.

Heimilt er sendiherra að krefjast borgunar fyrir störf sín, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. Borgun þessi rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.